

Framhaldsskólinn á Laugum



Sjálfsmatsskýrsla

2015 - 2016

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir
og Þórir Aðalsteinsson
Júní 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1.0. Markmið og matsaðferðir	5
1.1 Nemendur.....	5
1.2 Nám	5
1.3 Kennsla	6
1.4 Stjórnun	6
1.5 Samstarf við aðra.....	6
1.6 Tímabundin verkefni.....	6
2.0 Sjálfsmat 2015–2016	7
2.1 Nemendur – ástundun og líðan.....	7
2.2 Nám – námsárangur	11
2.3 Kennsla - áfangamat og kennsluaðferðir.....	14
2.4 Stjórnun	15
2.5 Samstarf við aðra.....	16
3.0 Sérstakar áherslur í sjálfsmati 2015-2016	19
3.1 Tónkvíslin.....	19
3.2 Útskrifaðir nemendur	20
3.3 Samanburður á mati á námsfyrirkomulagi.....	21
4.0 Eftirfylgni sjálfsmats	26
4.1 Samantekt.....	26
4.2 Sjálfsmatsáætlun frá hausti 2016 til vors 2019.	26

Inngangur

Skóli er stofnun sem á að vera í stöðugri þróun. Sjálfsmat er einn liður í því að tryggja að svo sé. Sjálfsmatið á að spanna sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila.

Vinna við sjálfsmat skólaárið 2015-2016 hófst ekki fyrr en á vorönn 2016. Við vinnslu sjálfsmats er stuðst við tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU. Skriflegt áfangamat var lagt fyrir í nokkrum áföngum í maí 2016. Einnig var rafræn könnun lögð fyrir nemendur í maí 2016. Rafræn könnun var lögð fyrir útskrifaða nemendur í apríl 2016 og önnur rafræn könnun fyrir foreldra í maí 2016. Kennarar svöruðu stutttri könnun á starfsdögum. Þá var skriflegum spurningum beint til skólastjórnenda við skólalok í maí 2016 auk þess sem haft var samband við samstarfsaðila. Þar að auki er stuðst við skýrslu verkefnisstjóra Tónkvíslar.

Í kafla 1 eru sett fram þau markmið sem fram koma í skólasamningi og horft er til við sjálfsmatið.

Kafli 2 fjallar um það sjálfsmat sem fram fór á skólaárinu 2015-2016 í tengslum við markmið úr kafla 1. Þar er greint frá niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru.

Kafli 3 fjallar um aðra þætti sjálfsmats á skólaárinu. Þetta eru þættir aðrir en þeir sem byggja beint á markmiðum skólasamnings. Á hverju ári er lögð meiri áhersla á einhver ákveðin atriði umfram önnur og þau skoðuð eins vel og unnt er.

Kafli 4 snýr að sjálfsmatsáætlun, sem er alltaf til staðar til þriggja ára. Gert var ráð fyrir að aðaláhersluatriði skólaársins 2015 - 2016 lytu að samstarfi við aðra, auk þess sem ástundun og árangur nemenda í nýrri námskrá yrðu til skoðunar. Þar sem ný námskrá hefur ekki verið samþykkt af Menntamálaráðuneyti var ákveðið að fresta umfjöllun um hana.

- Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2016 - 2017 lúti að kennslu, starfsanda og fagmennsku. Einnig verði ástundun og árangur nemenda í nýrri námskrá til skoðunar.
- Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2017-2018 verði aðstaða og þjónusta við nemendur ásamt starfsaðstöðu starfsmanna og líðan þeirra í starfi. Einnig verði gerð sérstök úttekt á námsverum Framhaldsskólans á Þórhöfn og Vopnafirði.
- Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2018-2019 snúi að nemendum, s.s. heimavist, mótuneyti og félagsstarfi. Einnig verði könnuð viðhorf brautskráðra nemenda til skólans.

Í fylgiskjölum með skýrslunni eru þær kannanir og gögn sem notuð voru við gerð hennar.

1.0. Markmið og matsaðferðir

Í viðauka við skólasamning fyrir fyrir árin 2015-2019 milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Framhaldsskólans á Laugum eru eftirfarandi markmið og tímabundin verkefni sett fram.

Gagna er aflað með ýmsum leiðum. Tölulegar upplýsingar fást úr skólaskráningarkerfinu INNU. Kannanir eru lagðar fyrir nemendur, kennara, stjórnendur, foreldra eða aðra sem hlut eigað að máli hverju sinni og upplýsinga er aflað af heimasíðu skólans.

1.1 Nemendur

Meginmarkmið I:

- Að bæta ástundun nemenda.

Deilimarkmið:

- Bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 79% í 84% á árunum 2015-2017.
- Draga úr brottfalli úr áföngum sem hefur verið 5,5% í 4,5% á árunum 2015-2017.

Meginmarkmið II:

- Að nemendum líði vel í skólanum.

Deilimarkmið:

- Að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist á árunum 2015-2017.
- Að nemendur hafi daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi á árunum 2015-2017.

1.2 Nám

Meginmarkmið I:

- Skólinn leggur áherslu á að auka fjölbreytni náms.

Deilimarkmið:

- Að boðið sé upp á nám í ferðamálafræðum og aukið verði vægi list- og verkgreina á árunum 2015-2017.

Meginmarkmið II:

- Að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn nemenda hækki úr 7,3 í 7,6 á árunum 2015-2017.

Meginmarkmið III:

- Að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2015.

Deilimarkmið:

- Að áfangalýsingar og námsbrautir nýrrar skólanámskrár séu samþykktar af ráðuneyti haustið 2015.
- Að almennur hluti skólanámskrár sé samþykktur af ráðuneyti haustið 2015.

1.3 Kennsla

Meginmarkmið I:

- Að skólinn hafi yfir að ráða hæfum og vel menntuðum kennurum og starfsfólki.

Deilimarkmið:

- Að allir kennarar séu framhaldsskólakennarar með leyfisbréf á árunum 2015-2017.

1.4 Stjórnun

Meginmarkmið I :

- Að þróunar og umbótastarf skólans sé virkt og skili árangri á árunum 2015-2017.

1.5 Samstarf við aðra

Meginmarkmið I:

- Samstarf við aðra framhaldsskóla verði eflt með reglubundnu samráði.

Deilimarkmið:

- Að skólinn sé í reglulegu og markvissu samstarfi við aðra framhaldsskóla varðandi aukið námsframboð.

Meginmarkmið II:

- Samstarf við grunn- og leikskóla og félagasamtök í sveitarfélaginu verði eflt með reglubundnu samráði.

Deilimarkmið:

- Að nemendur í 10. bekk sem hafa burði til, geti stundað nám í einstökum áföngum við skólann á árunum 2015-2017.
- Að nemendur íþróttabrautar taki að sér þjálfun og kennslu grunn- og leikskólanema á svæðinu, í umsjón Umf. Eflingar, í verklegum þætti náms síns.
- Að nemendum skólans sé árlega gefinn kostur á þátttöku í uppsetningu á leiksýningu með leikdeild Eflingar og það sé metið sem valgrein.

1.6 Tímabundin verkefni

- Gerð nýrrar skólanámskrár og skipulagning námsframboðs
- Þróun kennsluhátta og námsmats

2.0 Sjálfsmat 2015–2016

Eftirfarandi niðurstöður sjálfsmats eru unnar úr þeim könnunum og efnisöflun sem fram fór á skólaárinu. Þar er um að ræða eftirfarandi:


- a) Rafræn könnun var lögð fyrir þá nemendur sem útskrifuðust sem stúdentar frá Framhaldsskólanum á Laugum 2013-2015. Þetta voru alls 48 nemendur. Ekki tókst að fá netfang hjá fjórum þeirra. Af 44 sem fengu könnunina svöruðu 33 eða 75%.
- b) Skriflegt áfangamat fór fram í apríl-maí í 13 áföngum. Svörun var 64%.
- c) Rafræn könnun var lögð fyrir alla dagskólanemendur í maí 2016. 58 af 83 nemendum svöruðu könnuninni, eða 70%.
- d) Rafræn könnun var send til foreldra nemenda yngri en 18 ára í maílok 2016. Alls var sent á foreldra 33 nemenda (Ýmist voru eitt eða tvö netföng bak við hvern nemenda). Svarhlutfall var því miður lágt, 18 svör bárust og svarhlutfall því aðeins u.þ.b. 55%.
- e) Skriflegur spurningalisti var sendur skólastjórnendum FL í apríl 2016.
- f) Svör við tveimur spurningum frá skólastjóra Þingeyjarskóla.
- g) Stutt skriflega könnun lögð fyrir kennara, námsráðgjafa og skólameistara á starfsdögum í maí 2016, auk umræðupunkta.
- h) Skýrsla verkefnisstjóra Tónkvíslar
- i) Skólasamningur milli Framhaldsskólans á Laugum og Mennta- og menningarmálaráðuneytis 2015-2019
- j) Heimasíða Framhaldsskólans á Laugum

2.1 Nemendur – ástundun og líðan

Meginmarkmið I varðandi nemendur er að bæta ástundun þeirra. Þar er **deilimarkmið** að bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 79% í 84% á árunum 2015-2017.

Á undanförunum árum hefur mætingarreglum verið breytt. Í óefni stefndi á vorönn 2013 og voru þá settar bráðabirgðareglur sem gengu út á að gerð var úttekt á mætingum nemenda á tveggja vikna fresti og þeir sem ekki náðu 85% mætingu urðu að skrá sig úr áfanga. Þessar aðgerðir urðu til þess að bæta mætingarnar. Haldið hefur verið í þessar mætingarreglur síðan með smávægilegum breytingum. Þannig var viðmiðið hækkað úr 85% heildarmætingu í 90% á haustönn 2014. Úttekt á mætingum er gerð á 3-4 vikna fresti, nemendur fá upplýsingar um stöðuna og viðvaranir ef í óefni stefnir. Ef þeim tekst ekki að bæta stöðuna þurfa þeir að skrá sig úr áfanga. Gengið er eftir því að þessum reglum sé framfylgt.

Safnað var gögnum frá fyrri könnunum síðustu ára til að gera samanburð um þróun mætinga.



Raunmæting á haustönn 2015 var 71% og á vorönn 2016 72%.

Á myndinni má sjá að mæting fór aðeins uppávið þar til á þessu skólaári og að mæting haustannar er alltaf mun betri en vorannar. Ef litið er á haustannir sérstaklega og vorannir sérstaklega sést að mætingar nemenda frá árinu 2012-2013 og fram til 2014-2015 hafa batnað töluvert. Í síðustu sjálfsmatsskýrslu voru þær mætingarreglur sem settar voru á þessum tíma taldar líklegasta skýringin á bættri mætingu. En þá skýtur það skökku við að mætingar síðastliðið skólaár eru aftur áberandi lægri þó mætingarreglum hafi ekki verið breytt.

Í þessum samanburði milli ára er alltaf horft til raunmætingar. Markmið skólasamings um að mæting verði 84% á árunum 2015-2017 miðast væntanlega við heildarmætingu, en það er sú mæting sem gefin er upp í skólaskýrslu og notuð er sem viðmið í núverandi mætingareglum. Ef skoðuð er heildarmæting nemenda síðasta skólaár, þegar búið er að taka tillit til veikinda og leyfa eru tölurnar 83% fyrir haustönn 2015 og 88% á vorönn 2016. Við höfum því náð markmiði skólasamningsins en þarna munar talsvert miklu á raunmætingu og heildarmætingu. Spurning er hvort rannsaka ætti betur þennan mun og hvort hann er eðlilegur og/eða ásættanlegur.

Annað deilimarkmið er að draga úr brottfalli úr áföngum sem hefur verið 5,5% í 4,5% á árunum 2015-2017.

Brottfall úr áföngum skólaárið 2015-2016 var 4,9% á haustönn og 5,4% á vorönn. Þar erum við að nálgast markmið skólasamningsins um að brottfall úr áföngum verði ekki meira en 4,5%. Sambærilegar tölur um brottfall hafa ekki komið fram í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára.

Ef litið er á úrsagnir úr áföngum vegna brota á mætingareglum þá voru þær 39 á haustönn 2013 og utan þess voru veittar 6 undanþágur á úrskráningu. Á vorönn 2014 voru 29 úrsagnir, en undanþágur voru töluvert fleiri, tæplega 20, vegna verkfallsins sem var í mars 2014.


Úrsagnir úr áföngum á haustönn 2014 voru 20 talsins og veittar undanþágur 6 en á vorönn 2015 voru úrsagnirnar 24 og undanþágurnar 8 talsins.

Úrsögnum úr áföngum vegna slakrar mætingar fjölgaði ekki milli þessara ára þrátt fyrir að viðmiðið hafi verið hækkað úr 85% í 90% en þess ber að geta að þegar kemur að úrsögnum er miðað við heildarmætingu en ekki raunmætingu.

Ekki fengust upplýsingar um fjölda úrsagna úr áföngum vegna brota á mætingareglum á haustönn 2015 og vorönn 2016 en fimm undanþágur voru veittar á haustönn og ein á vorönn. Þetta eru mun færri undanþágur en árin á undan.


Meginmarkmið II varðandi nemendur er að þeim líði vel í skólanum. Deilimarkmið þar er að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist á árunum 2015-2017.

Af þeim 58 sem tóku þátt í nemendakönnun í maí 2016 segja 11 nemendur, eða 19,0%, að þeim líði mjög vel í vinnustofum og 30 nemendur, 51,7%, að þeim líði frekar vel í vinnustofum. Þá sögðu 13 nemendur, 22,4%, að þeim líði hvorki vel né illa í vinnustofum, 2 nemendur, 3,5%, að þeim líði frekar illa og enn meira áhyggjuefni er að aðrir 2 nemendur, 3,5% sögðu að þeim líði mjög illa.



Ef þessar niðurstöður eru bornar saman við síðastliðið ár kemur í ljós að líðan nemenda í vinnustofum fer því miður heldur versnandi. Það eru einungis 70,7% nemenda sem líður vel í vinnustofum. Sambærilegar tölur fyrir 2015 eru 80,6% og 88% fyrir 2014. Markmiði okkar um að yfir 90% líði vel er því ekki náð.


Þegar spurt var um líðan í fagttímum sögðu 10 nemendur, eða 17,2% að þeim liði mjög vel í fagttímum, 34 nemendur, 58,6% sögðu að þeim liði frekar vel, 13 nemendur, 22,4% sögðu að þeim liði hvorki vel né illa og 1 nemandi, 1,7% sagði að honum liði frekar illa. Engum leið mjög illa í fagttímum.



Hér sést að 75,8% nemenda líður vel í fagttímum. Það eru heldur fleiri en þeim sem líður vel í vinnustofum. Þetta er þó töluvert lægra hlutfall en síðastliðin tvö ár þegar (2015) 87,5% og (2014) 86% nemenda leið vel í fagttímum. Þá má nefna að í könnun sem gerð var í apríl 2013 kom fram að einungis 70% nemenda greindu frá vellíðan í fagttímum. Markmiðinu um að yfir 90% nemenda líði vel hefur því ekki verið náð.

Þá voru nemendur spurðir um líðan sína eftir skóla á daginn og á kvöldin. 24 þeirra, 41,4% sögðu að þeim liði mjög vel, 27 nemendur, 46,6% sögðu að þeim liði frekar vel, 5 nemendum 8,6% leið hvorki


vel né illa og 2 nemendum, 3,5% leið frekar illa. Það eru því 88% nemenda sem greina frá vellíðan eftir skóla og á kvöldin og þar nálgumst við 90% markmiðið. Þetta er heldur hærri tala en 2015 (86,5%) og sú sama og 2014 (88%). Árið 2013 var hlutfall þeirra sem greindu frá vellíðan 83%.



Eins og sjá má á myndinni hér að ofan hefur vellíðan nemenda í vinnustofum og fagtímum minnkað. Þetta eru niðurstöður sem kalla á nánari athugun og viðbrögð þar sem við virðumst fjarlægjast markmið okkar um að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum. Ánægjulegt er þó að vellíðan nemenda eftir skóla hefur heldur aukist.

Þegar foreldrar voru spurðir kom í ljós að langflestir eða 94,4% töldu að barninu þeirra hafi liðið vel í skólanum (50% svarenda svöruðu mjög vel og 44,4% frekar vel). Aðeins eitt foreldri svaraði hvorki vel né illa og enginn að barninu hefði liðið frekar illa eða mjög illa. Niðurstöður úr sambærilegri foreldrakönnun í maí 2009 voru þær að mun fleiri foreldrar töldu þá að barninu sínu hefði liðið mjög vel, eða 64,8%, 27,8% töldu því hafa liðið frekar vel, 5,6% töldu að barninu þeirra hefði liðið hvorki vel né illa og 1,9% frekar illa.

Foreldrar hafa einnig verið beðnir að leggja mat á það hvaða áhrif þeir telji að skólavistin hér á Laugum hafi haft á félagslegan þroska barnsins þeirra.



Annað deilimarkmið er að nemendur hafi daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi á árunum 2015-2017. Starfshlutfall námsráðgjafa var aukið úr 50% í 60% a.m.k. tímabundið. Það eykur aðgengi nemenda að honum og bætir þjónustu. Hjúkrunarfræðingur er með viðtalstíma í skólanum í hverri viku og sálfræðingur kemur reglulega, u.þ.b. einu sinni í mánuði. Ekki var gerð sérstök úttekt á þessari þjónustu í þessu sjálfsmati.

2.2 Nám – námsárangur


Meginmarkmið I varðandi nám er að skólinn leggi áherslu á að auka fjölbreyttni náms.

Deilimarkmið kveður á um að boðið verði upp á nám í ferðamálafræðum og aukið verði vægi list- og verkgreina á árunum 2015-2017.

Unnið var að undirbúningi á námi í ferðamálafræðum skólaárið 2014-2015 í samstarfi við m.a. Þekkingarnet Þingeyinga, aðila í ferðaþjónustu og stéttarfélög. Nám á þessu sviði hefur ekki komist til framkvæmda við skólann.

Erfitt er að meta hvort vægi list- og verkgreina hafi verið aukið. Á haustönn 2015 var boðið uppá leiklistarval sem 20 nemendur stunduðu. Á vorönn 2016 var fatasaumur í boði, en aðeins tveir nemendur luku þeim áfanga.


Meginmarkmið II varðandi nám er að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn nemenda hækki úr 7,3 í 7,6 á árunum 2015-2017.



Á haustönn 2015 hækkar meðaleinkunn í 6,6 en er 6,2 á vorönn 2016. Enn sem fyrr er meðaleinkunn heldur hærri á haustönn en vorönn. Af þessum tölum má sjá að augljóst er að markmið um að bæta árangur nemenda þannig að meðaleinkunn hækki úr 7,3 í 7,6 hefur engan veginn náðst, og við þokumst lítið í áttina að því. Það er líka spurning hvaðan meðaleinkunnin 7,3 sem viðmið er fenginn, þar sem meðaleinkunn undanfarinna ára er langt frá því marki. Því má e.t.v. álykta sem svo að markmiðið í skólasamningi um 7,6 í meðaleinkunn sé óraunhæft.

Í rafrænu nemendakönnuninni í maí voru nemendur einnig spurðir um ýmislegt sem tengist námi og námsárangri.

Meðal annars voru þeir spurðir að því hversu sáttir þeir væru með árangur sinn í náminu. Aðeins 6 nemendur, 10,5% voru mjög ánægð með árangur sinn, 30 nemendur, 52,6% voru frekar sáttir, 15 nemendur, 26,3% voru hvorki sáttir né ósáttir, 5 nemendur, 8,8% voru frekar ósáttir og 1 nemandi var mjög ósáttur við árangur sinn í náminu. Þetta sýnir að 63,1% nemenda eru mjög eða frekar sáttir við árangur sinn. Það eru umtalsvert færri en á síðasta ári þegar 71,2% nemenda var sáttur.




Einnig voru nemendur spurðir um það hvernig þeir telji sig sinna náminu. 41 nemandi eða 72% telja sig sinna náminu frekar eða mjög vel. Þetta er lækkun frá fyrri árum þegar hlutfall þessa hóps var 77% skólaárið 2014-2015 og 74% 2015-2016.


Athygli vekur að þeir nemendur sem telja sig sinna náminu mjög vel eða frekar vel eru mun fleiri en þeir sem eru mjög sáttir eða frekar sáttir við námsárangur sinn.

Foreldrar voru einnig spurðir hversu sáttir þeir væru með árangur sinna barna. 38,9% þeirra sem svöruðu voru mjög sáttir, 44,4% voru frekar sáttir, og 16,7% í meðallagi sáttir. Það má því segja að nokkuð almenn ánægja sé með námsárangur nemenda meðal foreldra. Þetta eru heldur jákvæðari niðurstöður en fengust í sambærilegri könnun meðal foreldra í maí 2009. Þá voru 81,1% foreldra mjög eða frekar sáttir við námsárangur barna sinna, 13,2% í meðallagi sáttir en 5,7% frekar ósáttir.

Nemendur lögðu einnig mat á það hvernig vinnustofur og fagtímar nýtast þeim.




Hér vekur strax athygli að nemendur telja vinnustofur nýtast sér mun verr á þessu ári en skólaárið 2014-2015, en þá höfðu þessar tölur einnig lækkað frá árinu áður. Aðeins 12,1% nemenda telur vinnustofurnar nýtast sér mjög vel og nærri þriðjungur nemenda telur þær nýtast frekar eða mjög illa.



Staðan er betri þegar kemur að fagtímum, þar eru 74,1% sem telja þá nýtast mjög vel eða frekar vel og er það svipuð niðurstaða og síðast liðið ár.

Í foreldrakönnunum var spurt hversu vel foreldrar teldu að þeirra barni henti það námsumhverfi sem unnið er í hér á Laugum.



Nú virðast fleiri foreldrar telja að námsumhverfið henti þeirra börnum, heldur en kom fram í könnunum sem gerðar voru vorin 2008 og 2009.

Meginmarkmið III miðar að því að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2015. Þar eru **tvö deilimarkmið**. Annars vegar að áfangalýsingar og námsbrautir nýrrar skólanámskrár séu samþykktar af ráðuneyti haustið 2015. Hins vegar að almennur hluti námskrár sé samþykktur af ráðuneyti haustið 2015.

Eins og fram kom í síðustu sjálfsmatsskýrslu vann verkefnastjórn að stefnumótun og gerð almenns hluta nýrrar námskrár á skólaárinu 2013-2014 og héldu þeirri vinnu áfram á skólaárinu 2014-2015. Vorið 2015 var búið að vinna brautarlýsingar fyrir þrjár námsbrautir til stúdentsprófs. Vinna við almennan hluta námskrár var einnig að mestu lokið. Hvorugt hefur verið sent inn til samþykktar í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Vegna skólameistaraskipta og annarra aðstæðna hefur vinna við það að ljúka gerð námskrár legið að mestu niðri á yfirstandandi skólaári. Frá hausti 2014 hafa nær allir áfangar þeirra nemenda sem koma nýir í skólann verði kenndir í samræmi við drög að nýrri námskrá. Ný námskrá, ásamt brautarlýsingum og áfangalýsingum er ekki aðgengileg á heimasíðu skólans, eins og stefnt er að í skólasamningi.

2.3 Kennsla - áfangamat og kennsluaðferðir

Meginmarkmið I er að skólinn hafi yfir að ráða hæfum og vel menntuðum kennurum og starfsfólki.

Ekki var lagt mat á stöðu þessara mála á þessu skólaári.

Hins vegar voru teknir fyrir aðrir þættir sem lúta að kennslu, s.s. áfangamat og kennsluaðferðir.

Áfangamat var lagt fyrir í 13 áföngum á vorönn 2016. Leitast var við að meta einn áfanga hjá hverjum kennara og dreifa þeim yfir mismunandi námsár. Matið var lagt fyrir í fagtímum á tímabilinu 28. apríl til 8. maí. Farið var með útprentaðar kannanir í lok fagtímanna og nemendur fylltu þær út skriflega.

Skólameistari fékk afhentar niðurstöður úr mati allra áfanga, auk þess sem það var sent á viðkomandi kennara í tölvupósti eftir að kennslu lauk á önninni.

Svarhlutfall í könnunum var 64%. Fyrirfram töldum við það vænlegast til árangurs að fara í fagtíma og leggja þetta fyrir nemendur, frekar en að senda kannanir í tölvupósti. Sérstaklega þar sem sumir nemendur þurftu að svara nokkrum slíkum könnunum og svarhlutfall síðasta árs var ekki hátt. Í þremur af þrettán áföngum var mæting undir 50%, og í aðeins tveimur áföngum var hún yfir 75%. Fjórir áfangar voru á bilinu 55-68% mæting og aðrir fjórir með 74-75% mætingu.


Auk þess að taka saman niðurstöður hvers áfanga fyrir sig voru teknar saman samlagðar niðurstöður úr öllum áföngunum. Hafa ber í huga að mismargir nemendur eru í áföngunum og því veða þeir mismikið í heildarniðurstöðu. Helstu niðurstöður úr þessari samantekt eru eftirfarandi:

Spurningar um það hversu skýr markmið og námsmat var í upphafi annar og það hvernig kennsluáætlunum var fylgt komu víðast vel út. Yfir 80% voru mjög eða frekar ánægð með það.

Eftirtektarvert er að nemendur virðast nýta fagtímana betur en vinnustofur til að sinna náminu. Þannig töldu 65% nemenda sig nýta fagtímana mjög vel eða frekar vel á meðan einungis 48% sögðust nýta vinnustofurnar mjög vel eða frekar vel. Þessar niðurstöður eru í takt við það sem kom fram í netkönnun meðal nemenda um líðan í vinnustofum og hvernig þær nýttust til náms. Þetta er eitthvað sem vert er að gefa gaum í umræðum um vinnustofur.

Meirihluti nemenda, eða 72%, telja að námsgögn áfanganna séu gagnleg.

Hvað varðar uppsetningu áfanga í Moodle erum við líka á réttri leið. 70,7% nemenda telja það mjög eða frekar gott og auðskiljanlegt. Það er þó ástæða til að gleyma ekki þeim 15,4% sem telja það mjög eða frekar flókið og ruglingslegt. Samanborið við árið á undan erum við þó á réttri leið þó kennarar ættu að geta bætt sig enn meir.



Nemendur eru einnig almennt sáttir við námsmat. 80% telja það mjög eða frekar sanngjarnt. Þetta er þó töluvert lægri tala en árið áður þegar miklum meirihluta nemenda, 92,8%, þótti námsmat áfanganna vera sanngjarnt.

Nemendur meta kennsluaðferðir í áföngunum þannig að 56% telja þær fjölbreyttar, 29% að þær séu hefðbundnar og 12% að þær séu einsleitar.

56% nemenda telur að vinnuálag í áföngunum sé hæfilegt með tilliti til einingafjölda, á meðan 37% telja það frekar eða mjög mikið. Einungis 7% telja það frekar eða mjög lítið.

Í rafrænu nemendakönnuninni kemur einnig fram að nemendur eru frekar ósáttir við dreifingu vinnuálags í náminu yfir önnina og er það breyting frá fyrra ári þegar meirihluti nemenda taldi það dreifast mjög eða frekar jafnt yfir önnina. Í maí 2016 eru aðeins 31% nemenda sem eru á þeirri skoðun en 43,1% sem telja vinnuálagið frekar ójafnt. Ekki er hægt að fullyrða um ástæður þessarar niðurstöðu en hugsanlega hafa uppbrot á önninni, þar með talin Tónkvíslin, áhrif þar á. Eftirfarandi athugasemd kom t.d. frá nemanda: „Er búin að vera hér í 3 ár og mér finnst námið ALLTAF staflast upp eftir Tónkvísl, af því að það er alltaf beðið með allt og fært allt þangað til eftir Tónkvísl og svo er maður kannski í 7-9 áföngum og allir kennararnir hugsa eins og þá er maður í kafi í námi og það er alveg erfitt. Mér finnst eins og kennarar verða að hugsa og fatta að maður er ekki bara í aföngum hjá þeim. við komum með hugmynd um að hafa mismunandi skiladaga fyrir mismunandi áfanga og það var þannig í ísl, þýs og sál.. og það munaði strax miklu :)” Þetta getur verið ábending sem vert er að hafa í huga við undirbúning kennslu.

Mjög fáir nemendur segjast geta alltaf lokið námi sínu á skólatíma en 34,5% geta það oftast. Með vinnustofum og aðstoð kennara ættu meirihluti nemenda að ná að ljúka námi sínu oftast á skólatíma en líklega hafa fleiri þættir áhrif s.s. námstækni og vinnufriður í vinnustofum.

2.4 Stjórnun

Meginmarkmið hér er að þróunar og umbótastarf skólans sé virkt og skili árangri á árunum 2015-2017.

Stjórnun var ekki eitt af viðfangsefnum sjálfsmats á þessu skólaári.

2.5 Samstarf við aðra

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun var ein af aðaláherslum sjálfsmatsins 2015-2016 samstarf við aðra. Lagður var spurningalisti fyrir skólastjórnendur Framhaldsskólans, Sigurbjörn Árna Arngrímsson skólameistara og Hall B. Reynisson áfangastjóra, um ýmsa þætti sem fram koma í markmiðum í skólasamningi og lúta að samstarfi Framhaldsskólans á Laugum við aðra. Einnig var leitað eftir upplýsingum og viðhorfum frá skólastjóra Þingeyjarskóla, Jóhanni Rúnari Pálssyni. Þá var spurning tengd íþróttastarfsnáminu í rafrænu nemendakönnuninni.

Meginmarkmið I er að samstarf við aðra framhaldsskóla verði eflt með reglubundnu samráði.

Deilimarkmið að skólinn sé í reglulegu og markvissu samstarfi við aðra framhaldsskóla varðandi aukið námsframboð.

Framhaldsskólinn á Laugum á í samstarfi við aðra framhaldsskóla á nokkrum sviðum.

Skólinn er aðili að samstarfssamningi framhaldsskóla á norðaustursvæði sem undirritaður var 15. desember 2015 af öllum skólameisturum framhaldsskólanna á svæðinu. Markmið samstarfs skólanna eru að nemendur á svæðinu eigi kost á gæðanámi sem næst sínu heimili og stoðþjónusta skólanna sinni nemendum vel. Einnig að skólarnir séu framsæknir og sinni markvissu þróunarstarfi, auk þess sem rekstur þeirra sé í jafnvægi. Að sögn skólameistara FL er samstarfið mjög ómótað enn sem komið er. Fyrstu skrefin í samstarfinu og það sem unnið er að núna er kortlagning mannauðs í skólunum. Einnig var á áætlun að hafa sameiginlega starfsdaga í haust ef því verður við komið. Helsti þröskuldur í samstarfinu lýtur að þeirri ákvörðun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að veita ekki MA fjárveitingu til að breyta skólaárinu til samræmis við aðra framhaldsskóla. Enn sem komið er hefur því ekki verið unnið markvisst að því að auka námsframboð skólans í gegnum þetta samstarf en það á að stuðla að því í framtíðinni. Nemendur FL geta þó, sér og skólanum að kostnaðarlausu, tekið áfanga við aðra skóla. Næsta haust mun boðið upp á kokkanám við VMA á þann hátt að nemendur hinna skólanna eiga að geta sótt það nám.

Framhaldsskólinn á Laugum er einnig aðili að Fjarmenntaskólanum frá hausti 2014. Það samstarf hefur lítið verið virkt til þessa. Umfang og eðli samstarfsins í vetur hefur að mestu fallist í því að skólameistari situr hálfsmánaðarlega samráðsfundi með skólameisturum annarra skóla Fjarmenntaskólans. Skólameistari sat einnig aðalfund Fjarmenntaskólans á Selfossi í nóvember 2015. FL á þess kost að senda nemendur í Fjarmenntaskólann (þ.e. að þeir taki áfanga þar) sem og að bjóða upp á áfanga í Fjarmenntaskólanum (nemendur annarra skóla taki áfanga við FL í gegnum Fjarmenntaskólann). Hvorugt var gert þennan vetur sem nú er að klárast og má því segja að samstarfið hafi ekki nýst FL sérstaklega vel að öðru leiti en því að skólameistari er komin í tengsl við hina skólana og veit meira um hvað þeir bjóða upp á.

Þá hefur verið samstarf við Verkmenntaskólann á Akureyri um að taka að sér að kenna í fjarnámi þá áfanga sem við getum ekki boðið uppá.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum var enginn nemandi annarra framhaldsskóla í fjar- eða utanskólanámi við Framhaldsskólann á Laugum skólaárið 2015-2016.

Hins vegar voru 3 nemendur FL sem stunduðu fjarnám í alls 5 áföngum frá öðrum framhaldsskólum á haustönn 2015. Á vorönninni voru þetta fimm nemendur FL sem voru í samtals 10 áföngum frá öðrum framhaldsskólum.

Ljóst er mikilvægi þess að nemendur okkar skóla geti sótt nám annað þar sem Framhaldsskólinn á Laugum er fámennur skóli og námsframboð takmarkað. Eins er vert að velta því fyrir sér hvort ekki er

sóknarfæri í því að bjóða og fá nemendur annarra skóla til að stunda nám frá FL. Þessi áhersluatriði komu m.a. fram í uppgjöri kennara á starfsdögum í maí 2016.

Meginmarkmið II er að samstarf við grunn- og leikskóla og félagasamtök í sveitarfélaginu verði eftt með reglubundnu samráði.

Þar er **fyrsta deilimarkmiðið** að nemendur í 10. bekk sem hafa burði til, geti stundað nám í einstökum áföngum við skólann á árunum 2015-2017.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum voru tveir nemendur 10. bekkjar sem stunduðu nám í tveimur mismunandi áföngum á vorönn 2015. Enginn grunnskólanemandi var skráður í nám við FL á haustönn 2015.

Einnig var spurt hvernig staðið er að kynningu á því í grunnskólunum (og þá hvaða grunnskólum) að nám sé í boði við FL fyrir nemendur 10. bekkjar. Í svörum skólastjórnenda kemur fram að staðið er fyrir skólakynningum á ýmsum vettvangi og í þeim er nemendum grunnskólann og foreldrum þeirra væntanlega kynntur sá möguleiki að nemendur 10. bekkja geti tekið einstaka áfanga í Framhaldsskólanum. Skólakynningar á síðasta skólaári voru eftirfarandi: Í febrúar og mars 2016 fór skólameistari í heimsókn í Reykjahlíðarskóla, Þingeyjarskóla, Stórutjarnarskóla, Valsárskóla, Hrafnagilsskóla, Grunnskólann á Þórshöfn, Grunnskólann á Bakkafirði og Öxarfjarðarskóla og kynnti skólann fyrir nemendum 3-4 elstu bekkjanna og forráðamönnum þeirra. Enginn mætti á slíkar kynningar í Grenivíkurskóla, Þelamerkurskóla og Borgarhólsskóla. Haldinn var sérstakur kynningarfundur í október 2015 í Vopnafjarðarskóla fyrir nemendur og foreldra barna í 9. og 10. bekk um námsframboð í FL í tengslum við hugsanlega opnun framhaldsskóladeildar þar. Í kjölfarið komu nemendur 10. bekkjar frá Vopnafirði, Bakkafirði og Þórshöfn og dvöldu sólarhring í skólanum. Nemendur annarra skóla hafa einnig komið í dagsheimsóknir í Laugar og má þar nefna Valsárskóla og Þingeyjarskóla. Ákveðin kynning á skólanum fékkst á grunnskólamóti sem haldið var hér í janúar 2016. Þar tóku þátt Þingeyjarskóli, Stórutjarnarskóli, Reykjahlíðarskóli, Hrafnagilsskóli og Grenivíkurskóli. Jafnframt fær skólinn kynningu á Tónkvísl sem og á opnum degi á sumardaginn fyrsta.

Ekki er að finna upplýsingar um það á heimasíðu skólans að nemendum í 10. bekk, sem hafa burði til, geti stundað nám í einstökum áföngum við skólann.

Annað deilimarkmið er að nemendur íþróttabrautar taki að sér þjálfun og kennslu grunn- og leikskólanema á svæðinu, í umsjón Umf. Eflingar, í verklegum þætti náms síns. Eins og fram hefur komið var samstarfi við Umf. Eflingu hætt en í staðinn farið í samstarf við Þingeyjarskóla um starfsnám nemenda FL á íþróttabraut. Í upplýsingum frá skólastjórnendum FL kemur fram að tíu nemendur tóku þátt í þessu á haustönninni og níu á vorönninni. Nemendur kenna/þjálfu um 12 tíma á hvorri önn. Þau þurfa að skipuleggja tímann og gera tímaseðil. Á haustönninni sáu nemendur ýmist um tíma hjá Þingeyjarskóla eða hjá Umf. Eflingu. Á vorönninni voru allir nemendur eina viku í Þingeyjarskóla, þrír og þrír saman, og kenndu og fylgdust með alls 13 íþróttatímum. Það samstarf gekk ljómandi vel og nýttist nemendum vel. Kosturinn við fyrirkomulagið eins og það var á vorönn var að nemendur ná að klára sitt starfsnám á einni viku og því er minna rask á þeirra eigin námi.

Skólastjóri Þingeyjarskóla lýsti einnig ánægju sinni með samstarfið, en benti á að skipulagið þyrfti að skoða aðeins betur. *"Stundum óljóst hvernig þetta átti að vera og hvenær nemendur voru að koma. Tímarnir sem voru í umsjón starfsmanna gengu oft á tíðum ágætlega. Spurningin liggur e.t.v. meira á þeim þætti sem snýr að endurgjöf til þeirra á frammistöðunni. Sigmundur (íþróttakennari) heilt yfir*

ánægður með samstarfið. Það sem þyrfti að mínu mati er að festa inn betur markmið og framkvæmd á þessum hluta. Hafa inni meiri endurgjöf á milli skólanna hvað þennan þátt varðar."

Báðir aðilar lýstu yfir áhuga á að halda þessu samstarfi áfram

Í nemendakönnun voru þeir nemendur sem voru í íþróttastarfsnámi í vetur spurðir út í það. Þar kemur fram að nemendur voru ekki allskostar ánægðir með það. Af þeim 11 sem svöruðu sögðu 2 (18,2%) að þeim hafi líkað íþróttastarfsnámið mjög vel, 4 (36,4%) frekar vel, aðrir 4 (36,4%) hvorki vel né illa og 1 (9%) sem líkaði það frekar illa. Þetta gefur vísbendingar um að skoða þurfi betur hvað það var sem nemendur voru ekki mjög sáttir með.

Priðja deilimarkmiðið er að nemendum skólans sé árlega gefinn kostur á þátttöku í uppsetningu á leiksýningu með leikdeild Eflingar og það sé metið sem valgrein. Á þessu skólaári var ekki sett upp sýning á vegum Eflingar og því var þetta markmið ekki til skoðunar. Hins vegar má geta þess að skólinn bauð uppá leiklistaráfanga á haustönn sem 20 nemendur luku með því að setja upp söng- og leikskemmtun í Þróttó í byrjun desember.

Auk þess samstarfs við grunn- og leikskóla og félagasamtök í sveitarfélaginu sem fjallað hefur verið um var farið í samstarf við Þingeyjarskóla um raungreinakennslu. Framhaldsskólinn hefur betri aðstöðu til verklegrar raungreinakennslu en grunnskólinn. Nemendur unglíngastígs Þingeyjarskóla hafa komið vikulega ásamt kennara og verið í raungreinatímum með Hönnu Sigrúnu Helgadóttur raungreinakennara í tveimur hópum, 8-9 nemendur í hvorum hópi. Kennslustundirnar hafa alltaf gengið vel og nemendur hafa verið áhugasamir.

Hjá skólastjóra Þingeyjarskóla kemur fram mikil ánægja með samstarfið um raungreinakennsluna. Kennslan sé fjölbreytt og komið inn á marga hluti og nemendurnir afar ánægðir. Kennarinn sem fylgdi hópnum bendir á að stundum hafi verið óþarflega knappur tími fyrir hópinn, en alltaf hafi það þó gengið upp. Einnig er því velt upp hvort skoða mætti að nýta kennarann sem fylgir hópnum betur, eða jafnvel hvort þörf sé fyrir fylgd ef hópurnir er ljúfur og góður. Einnig þyrfti e.t.v. að skoða betur mat á vinnu nemenda í þessum tímum.

Skólinn hefur töluverðan hag af samstarfinu og það að nemendur Þingeyjarskóla komi hingað opnar augu þeirra fyrir þeim möguleika að koma hingað í nám, en nemendur úr Aðaldal hafa komið í minna mæli en nemendur úr Reykjadal síðustu ár.

Allir hlutaðeigandi aðilar lýsa yfir miklum áhuga á að halda samstarfinu áfram.

Stjórnendur FL velja upp þeirri hugmynd að hugsanlega gætu fleiri kennarar komið að þessu og hægt væri að skipuleggja það betur fram í tímann. Beiðni um þetta nám kom frá Þingeyjarskóla síðastliðið haust og því gafst ekki mikill tími til að skipuleggja þetta heildstætt. Svona samstarf gefur grunnskólanemum möguleika á að öðlast færni og þekkingu á vísindalegum vinnubrögðum og FL fær tækifæri til þess að opna dyrnar og sýna tilvonandi nemendum þessa hlið skólastarfsins. Svona tækifæri eru mikilvæg í markaðssetningu skólans þegar fyrir liggur að fjölga þarf nýnemum.

Ekki liggur fyrir núna að samstarf verði við grunnskóla á fleiri sviðum í nánustu framtíð. Það er hins vegar vilji skólastjórnenda fyrir því að efla þetta samstarf og jafnvel útvíkka það til fleiri grunnskóla.

3.0 Sérstakar áherslur í sjálfsmati 2015-2016

Auk þess sem fjallað hefur verið um í kafla 2 var á áætlun að meta ástundun og árangur nemenda í nýrri námsskrá. Ný skólanámskrá hefur ekki verið samþykkt og var því ekki talið tímabært að fara í það mat.


Í síðustu sjálfsmatsskýrslu var gert ráð fyrir nemendakönnun um þátttöku og viðhorf til íþróttastarfsnáms í samstarfi við íþróttanefnd Eflingar og til náms með leikdeild Eflingar. Vegna breyttra aðstæðna var hvorugt þessara verkefna í gangi skólaárið 2015-2016 og því ekki tekið til skoðunar af sjálfsmatsnefnd. Þess í stað var lagt mat á samstarf við Þingeyjarskóla um íþróttastarfsnám og raungreinakennslu. Hefur það verið tekið fyrir í kafla 2. Einnig átti að leggja mat á Tónkvísl. Í nemendakönnun í maí 2016 var spurt um viðhorf nemenda til Tónkvíslar, auk þess sem unnið var úr gögnum frá uppgjörsfundum þess viðburðar.

Vinna við sjálfsmat hófst ekki fyrr en á vorönninni og ákveðið var að gera könnun meðal útskrifaðra nemenda við skólann.


3.1 Tónkvíslin

Í sjálfsmati 2015-2016 var gerð könnun á viðhorfum til Tónkvíslar. Annars vegar voru nokkrar spurningar varðandi Tónkvíslina í nemendakönnun sem lögð var fyrir dagskólanemendur í maí og hins vegar liggur til grundvallar skýrsla verkefnisstjóra Tónkvíslar.

Haldnir voru uppgjörsfundir með bæði starfsmönnum, framkvæmdastjórn, hljómsveit og öðrum nemendum. Helstu niðurstöður eru þær að framkvæmd Tónkvíslar tókst í öllum aðalatriðum vel. Í skýrslu framkvæmdastjóra kemur m.a. fram að ánægja var með skipulagið, búið var að bæta margt af því sem gekk illa árið áður, útsendingin gekk vel, nýtt form á miðasölu virkaði vel o.s.frv. Einnig að þau markmið að halda stressi í lágmarki og halda gleðinni á lofti náðust (sjá skýrslu). Þetta er í samræmi við þær niðurstöður í könnuninni þar sem fram kemur að mikill meirihluti nemenda, 39 af 57 svarendum eða 69% eru mjög ánægð með Tónkvíslina.



Einnig var spurt um þátttöku nemenda í undirbúningi.



55% nemenda tóku frekar eða mjög mikinn þátt í undirbúningnum en 33% tóku mjög lítinn eða engan þátt. Þetta hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um það hvernig við getum virkjað fleiri til þátttöku, sérstaklega í ljósi þess að hefðbundið skólastarf raskast óhjákvæmilega nokkuð síðustu dagana fyrir Tónkvísl.

Þegar nemendur voru spurðir um hversu ánægðir þeir eru með þá aðstoð sem þeir fá við framkvæmd Tónkvíslar frá skólanum (stjórnendum, fjármálastjóra, kennurum o.fl.) eru flestir eða 76% nemenda mjög eða frekar ánægðir og enginn mjög óánægður.

74% nemenda eru ánægðir með aðkomu kennara að undirbúningi og framkvæmd Tónkvíslar, en 24% telja að hún mætti vera meiri. Þennan þátt mætti skoða í aðdraganda næstu Tónkvíslar.

3.2 Útskrifaðir nemendur

Í apríl 2016 var send netkönnun til þeirra sem útskrifuðust sem stúdentar frá Framhaldsskólanum á Laugum þrjú undanfarin ár, þ.e. vorin 2013, 2014 og 2015.

Þýðið var 48 nemendur, en ekki fundust netfang fyrir 4. Af þeim 44 sem fengu könnunnina svöruðu 33. Svarhlutfall í könnuninni var því 75%, en svör fengust frá 69% útskrifaðra undanfarin þrjú ár.

Kynjahlutfall svarenda var ekki jafnt. Svör bárust frá 21 konu en 12 körlum. Útskrifaðir af félagsfræðibraut voru 22, en 11 af náttúrufræðibraut.

Spurt var hvað fólk hefði verið að gera eftir að það útskrifaðist frá Framhaldsskólanum á Laugum og athygli vekur að 17 af 33 hafa farið í nám, eða rúmlega helmingur aðspurðra. Tæplega helmingur svarenda fór út á vinnumarkaðinn. Ekki var spurt hvort fólk stefndi á nám í framtíðinni.

Upplýsingar um þá 17 sem héldu áfram námi eru í töflunni:

- | | |
|----------------------------------|------------------------------------|
| 1 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík | 10 Ferðafræði |
| 2 Hestafræði (Háskólinn á Hólum) | 11 Ferðamála- og viðskiptafræðinám |
| 3 Grunn nám í líffræði | 12 Jarðfræði |
| 4 Lögfræði | 13 Adventure Sport studies |
| 5 Hjúkrunarfræði | 14 Kennaranám |
| 6 Íak einkaþjálfarinn | 15 Lyfjafræði |
| 7 Þýska | 16 Hagfræði |
| 8 Sálfræði | 17 Hárgreiðslubraut |
| 9 Hjúkrunarfræði | |


Spurt var út í námsfyrirkomulag og námsmat og voru skiptar skoðanir um 4 atriði af þeim 5 sem spurt var um. En greinilega kom fram ánægja útskrifaðra nemenda með vinnustofukerfið á Laugum.

	Mjög ósammála	Ósammála	Hlutlaus	Sammála	Mjög sammála
Of lítið var um stór próf	8	12	6	6	1
Hópverkefni máttu vera fleiri og gilda meira	7	13	8	5	0
Ritgerðir máttu vera fleiri og gilda meira	4	11	9	9	0
Ekki voru gerðar nógu miklar kröfur í námsmati	5	11	11	6	0
Vinnustofukerfið var góður undirbúningur	0	1	2	11	19


Opin spurning var í könnunni þar sem útskrifaðir nemendur voru spurðir hvernig Framhaldsskólinn á Laugum gat undirbúið þá betur fyrir nám og/eða starf? Fjöl margar ábendingar komu fram sem geta nýst skólastjórnendum, kennurum og starfsfólki til að bæta skólastarfið.

3.3 Samanburður á mati á námsfyrirkomulagi


Á starfsdögum í maí 2016 var lögð fyrir stutt könnun meðal kennara, námsráðgjafa og skólastjórnenda. Þar voru settar fram sömu spurningar og lagðar voru fyrir útskrifaða nemendur. Athyglisvert er að bera saman svör þessara tveggja hópa.




Kennarar virðast hafa töluvert meiri áhyggjur af því að of lítið sé um stór próf á skólaferlinum heldur en reynsla nemendanna sýnir.




Heldur fleiri nemendur en kennarar vilja leggja meiri áherslu á hópverkefni, en kennarar eru hlutlausari .



Útskifaðir nemendur telja að ritgerðir megi vera fleiri og gilda meira og hægt er að draga þá ályktun að reynsla af ritgerðarvinnu hafi reynst þeim vel. Fleiri kennarar eru þeirrar skoðunar að draga ætti úr ritgerðarvinnu.




Hér er dreifingin nokkuð jöfn en fleiri kennarar en nemendur eru hlutlausir. Þó hallast fleiri kennarar að því að eitthvað vanti upp á kröfur í námsmati.




Hér kemur nokkur munur í ljós á viðhorfum útskrifaðra nemenda annars vegar og kennara hins vegar. Fyrr nefndi hópurinn hefur mun meiri trú á að vinnustofukerfið sé góður undirbúningur fyrir áframhaldandi nám eða störf.

Athyglisvert gæti verið að skoða þennan samanburð betur á næsta ári þegar viðfangsefni sjálfsmats munu lúta m.a. að kennslu og fagmennsku. Þá gæti verið eftirsóknarvert að nýta þá reynslu sem útskrifaðir nemendur hafa og mótað hefur viðhorf þeirra til starfsins í Framhaldsskólanum á Laugum.

Núverandi nemendur, útskriftarnemendur síðustu þriggja ára og foreldrar nemenda yngri en 18 ára voru spurð að því hvort þau myndu mæla með Framhaldsskólanum á Laugum við unglinga. Þar kom fram að 100% útskrifaðra nemenda myndu mæla með skólanum, og mikill meirihluti foreldra líka. Minnsta ánægjan var meðal núverandi nemenda.




Sömu hópar voru einnig spurðir að því hvernig þeir teldu að Framhaldsskólinn á Laugum stæði sig í því að undirbúa nemendur undir áframhaldandi nám eða störf.



Hér sést að foreldrar hafa hvað mestu væntingar til þess að Framhaldsskólinn á Laugum undirbúi nemendur vel fyrir áframhaldandi nám eða störf. Reynsla útskrifaðra nemenda virðist einnig nokkuð góð. 73% þeirra töldu að nám í Framhaldsskólanum á Laugum hafi undirbúið þá vel fyrir frekara nám eða starf, 24% sögðu í meðallagi og 3% nokkuð illa. Efasemdir virðast heldur meiri hjá núverandi nemendum.

Foreldrar voru einnig spurðir að því hversu vel Framhaldsskólinn á Laugum hafi staðið undir þeim væntingum sem þeir gerðu til hans þegar barnið þeirra hóf nám við skólann.



Ánægjulegt er að sjá að skólinn stendur betur undir væntingum foreldra nú en fyrir nokkrum árum.

4.0 Eftirfylgni sjálfsmats

4.1 Samantekt

Það er von sjálfsmatsnefndar að það sem fram kemur í þessari skýrslu nýtist skólastjórnendum og starfsfólki við að leggja mat á skólastarfið og bæta það. Sjálfsmatsnefndin hvetur því til þess að skýrslan birtist á heimasíðu skólans þar sem hún er aðgengileg öllum. Eitt af því sem mikilvægt er að gera er að stjórnendur skólans fari yfir áfangamat hvers áfanga, til þess að ræða við viðkomandi kennara í starfsmannaviðtali næsta árs. Með því móti er líklegt að þróun og framfarir verði í einstaka áföngum og kennslunni í heild sinni.

Margt jákvætt kemur fram um skólastarfið, m.a. að nemendum virðist almennt líða vel á heimavistinni, þ.e. eftir skóla á daginn og á kvöldin, Tónkvíslin gekk vel, mikil ánægja er með samstarf við Þingeyjarskóla varðandi íþróttir og raungreinakennslu, útskrifaðir nemendur eru jákvæðir í garð skólans og þess undirbúnings sem þeir fengu hér og mikill meirihluti núverandi nemenda, útskrifaðra nemenda og foreldra myndi mæla með skólanum fyrir aðra unglunga.

Helstu niðurstöður sem huga þarf að og finna leiðir til úrbóta eru:

- Mæting hefur versnað til muna og mikilvægt að fara í aðgerðir til að bæta þar um betur.
- Mikill munur er á raunmætingu og heildarmætingu og ástæða til að skoða þann mun nánar.
- Líðan nemenda í vinnustofum fer versnandi um leið og nemendur telja að þær nýstist sér ekki mjög vel til náms. Þetta eru uggvænlegar niðurstöður á sama tíma og útskrifaðir nemendur telja þetta vera námsumhverfi sem skilaði þeim miklum árangri.
- Námsárangur er langt frá því að ná markmiðum skólasamnings
- Enn hefur almennur hluti námsskrár, áfanganalýsingar og námsbrautir nýrrar skólanámskrár ekki verið samþykktar af Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Námskrá skólans er ekki aðgengileg á heimasíðu hans.
- Vinna þarf áfram að samstarfi við aðra framhaldsskóla. Þau tækifæri sem felast í Fjarmentaskólanum hafa t.d. ekki verið nýtt.
- Hugsa þarf betur að skipulagi varðandi samstarf við Þingeyjarskóla á sviði íþróttar.

4.2 Sjálfsmatsáætlun frá hausti 2016 til vors 2019.

Sjálfsmatsnefnd mælir eindregið með því að áfram verði haldið að kanna og fylgja eftir þeim þáttum skólastarfsins sem tilgreindir eru í markmiðum í skólasamningi. Auk þess eru sett fram sérstök áhersluatriði til næstu þriggja ára.

1. Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2016 - 2017 lúti að kennslu, starfsanda og fagmennsku.

a. Haust 2016

- i. Fara yfir sjálfsmatsskýrslu 2015 til 2016
- ii. Áfangamat
- iii. Nemendakönnun um kennsluaðferðir og námsmat
- iv. Kennarakönnun um kennsluaðferðir og námsmat
- v. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

b. Vor 2017

- i. Áfangamat
- ii. Nemenda- og starfsmannakönnun um starfsanda og fagmennsku
- iii. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

iv. Farið yfir sjálfsmatsáætlun – endurbætt

2. Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2017-2018 lúti að aðstöðu og þjónustu við nemendur ásamt starfsaðstöðu starfsmanna og líðan þeirra í starfi. Einnig verði gerð sérstök úttekt á námsverum Framhaldsskólans á Þórhöfn og Vopnafirði.

a. Hausti 2017

- i. Fara yfir sjálfsmatsskýrslu 2016-2017
- ii. Áfangamat
- iii. Nemendakönnun um þá þjónustu sem þeir fá hjá starfsmönnum skólans
- iv. Sérstök könnun meðal nemenda í námsverum um þá þjónustu sem þér fá
- v. Starfsmannakönnun um þá þjónustu sem þeir veita í starfi sínu
- vi. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

b. Vor 2018

- i. Áfangamat
- ii. Starfsmannakönnun um starfsaðstöðu
- iii. Starfsmannakönnun um líðan í starfi
- iv. Könnun meðal nemenda námsvera um nám, kennslu og aðstöðu
- v. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
- vi. Farið yfir sjálfsmatsáætlun – endurbætt

3. Gert er ráð fyrir því að aðaláhersluatriði sjálfsmats 2018-2019 snúi að nemendum, s.s. heimavist, mötuneyti og félagsstarfi. Einnig verði könnuð viðhorf brautskráðra nemenda til skólans.

a. Hausti 2018

- i. Fara yfir sjálfsmatsskýrslu 2017-2018
- ii. Áfangamat
- iii. Nemendakönnun um heimavist og mötuneyti
- iv. Könnun meðal viðkomandi starfsmanna um þá þjónustu sem þeir veita í starfi sínu og lúta að heimavist og mötuneyti
- v. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu

b. Vor 2019

- i. Áfangamat
- ii. Nemendakönnun um félagsstarfið
- iii. Könnun meðal þeirra nemenda sem útskrifast frá skólanum 2016-2018
- iv. Ástundun og árangur kannaður með upplýsingum úr Innu
- v. Farið yfir sjálfsmatsáætlun – endurbætt